

Áskorun til stjórnar Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands

Körfuknattleikssamband Íslands lýsir yfir gríðarlegum vonbrigðum með þá ákvörðun stjórnar ÍSÍ frá 24. janúar s.l. að færa KKÍ úr afreksflokki A í B. Með ákvörðun sinni stefnir ÍSÍ öllu afreksstarfi sambandsins í hættu og sendir út skýr skilaboð um afstöðu stjórnar ÍSÍ til afreks- og landsliðsmála KKÍ. Þetta eru sorgleg skilaboð ekki síst í ljósi þess að árið 2022 var árangursríkasta ár landsliða KKÍ frá upphafi. Auk þess á A-landslið karla í fyrsta sinn möguleika á að komast á HM ásamt því að hafa tryggt sér sæti í undankeppni Ólympíuleikanna 2024, fyrst íslenskra hópíþróttageina. Því er nú öllu stefnt í hættu.

Að mati stjórnar KKÍ er tímasetning þessarar ákvörðunar sérkennileg þar sem á sama tíma er boðuð endurskoðun reglugerðar um Afrekssjóð ÍSÍ. Mátti ekki bíða með afdrifaríkar ákvarðanir þar til endurskoðun var lokið? KKÍ fagnar því vissulega að loks eigi að hefja þá endurskoðun en bendir á að í mörg undanfarin ár hefur sambandið hvatt til þeirrar vinnu, bæði formlega og óformlega sem og lagt til tillögur að breytingum.

Áhyggjur stjórnar KKÍ eru ekki mestar af árinu 2023 enda hefur sambandið skuldbundið sig til allra verkefna í ár. Það sem veldur mestum áhyggjum er afreksstarfið til framtíðar, en að óbreyttu mun ákvörðun ÍSÍ valda afreksstarfi KKÍ óbætanlegum skaða og hafa þannig áhrif á vöxt og viðgang körfuknattleiksíþróttarinnar á Íslandi.

Að óbreyttri reglugerð stendur KKÍ frammi fyrir því að þurfa að endurskoða þátttöku karla- og kvennalandsliða sambandsins í undankeppnum FIBA 2023-2027. Undankeppnir EM 2025 hefjast næsta haust og með þátttöku þar skuldbindur KKÍ sig einnig til að taka þátt í undankeppni fyrir HM karla 2027, en sú undankeppni hefst á haustdögum 2025. Undankeppnir HM kvenna eru með öðru sniði. Það er ljóst að KKÍ mun ekki hafa fjárhagslegt bolmagn til að senda liðin til keppni að óbreyttri reglugerð. Allar áætlanir í þessum efnum eru nú í uppnámi.

Ákvörðun ÍSÍ hefur ekki einungis áhrif á starf A-landsliða KKÍ. Hún setur einnig öflugt afreksstarf yngri landsliða í uppnám en sumarið 2022 var það besta í sögu yngri landsliða KKÍ, jafnt hjá drengjum sem stúlkum.

Ljóst er að Afrekssjóður er alvarlega vanfjármagnaður. KKÍ hefur verið í fararbroddi samstarfi við önnur sérsambönd og beitt sér fyrir því á undanförunum árum að fjárhagslegur stuðningur ríkisvaldins til Afrekssjóðs sé aukinn til muna með hagsmuni heildarinnar að leiðarljósi. Hér þarf ríkisvaldið að stíga ákveðið og tafarlaust inn með umtalsvert hærri framlög til Afrekssjóðs en hingað til.

Körfuknattleikur er ein stærsta íþróttagein landsins og íslenskur körfuknattleikur hefur aldrei verið jafn framarlega á alþjóðavísu og nú. Stjórn KKÍ skorar því á forystu ÍSÍ að flýta endurskoðun reglugerðar um Afrekssjóð og ljúka henni fyrir Íþróttaping 5.-6. maí 2023. Við endurskoðunina verði viðvarandi óvissu um fjárveitingar til afreksstarfsins eytt og betur en nú er gert tekið tillit til umfangs körfuknattleiks hér á landi og þess alþjóðaumhverfis sem KKÍ starfar í.

Stjórn Körfuknattleikssambands Íslands – KKÍ